

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. mars 2006

Tilvísun: 200602-0072/ 0.03.01

Varðandi frumvarp til umferðarlaga, 503. mál.


Vinnueftirlit ríkisins gerir ekki athugasemdir við frumvarp til umferðarlaga sem nú liggur fyrir. Stofnunin vill þó vekja athygli háttvirtrar samgöngunefndar á eftirfarandi:


Í 55. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er kveðið á um að börnum 13 ára og eldri sé heimilt að nota dráttarvél við landbúnaðarstörf utan alfaravega án ökuskírteinis. Í reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglinga, sem sett er með stoð í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 52/1997 og á grundvelli Evróputilskipunar nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna. Þar er sérstaklega tekið fram í viðauka 1c að einungis einstaklingum 15 ára og eldri sé heimilt að vinna með dráttarvélar án drifskafis hjá fjölskyldufyrirtækjum. Sé dráttarvél aftur á móti með drifskafi er um vinnuvél að ræða og lýtur notkun hennar þá ákvæðum laga og reglna sem um slíkar vélar gilda.

Með hliðsjón af þessu ósamræmi telur Vinnueftirlitið brýna þörf vera á að umrætt ákvæði umferðarlaga verði endurskoðað. Þess má geta að evrópska vinnuverndarvikan 2006 er tileinkuð vinnu barna og ungmenna. Það er því mikilvægt að áður en fnt ósamræmi milli umferðarlaga og löggjöf um vinnu barna og unglinga verði leiðrétt svo unnt sé að kynna með réttu þær reglur sem gilda um vinnu barna og ungmenna á vinnuverndarvikunni sem fram mun fara í októbermánuði n.k.

Eðlilegast er að okkar mati að ákvæðið í umferðarlögum verði fellt úr gildi. Þar er fjallað um notkun dráttarvéla sem eiginlega fellur utan gildissviðs umferðarlaga en fellur undir löggjöf um öryggi við vinnu. Núgildandi lagaákvæði sem sérstaklega fjalla um öryggi barna og ungmenna við vinnu voru lögtekin 1997 eins og áður greinir og byggja á EES samningnum, en hvorutveggja er til komið eftir setningu umferðarlaga 1987.

Virðingarfyllst,
f.h. Vinnueftirlitsins


Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri


Aslaug Einarsson
lögfræðingur

Afrit: Félagsmálaráðuneytið
Samgönguráðuneytið